



8. stjórnarfundur LH 11. september 2013 Haldinn í höfuðstöðvum ÍSÍ

Aðalmenn mættir:Haraldur Þórarinnsson (HP), Sigurður Ævarsson (SÆ), Erla Guðný Gylfadóttir (EGG), Andrea M. Þorvaldsdóttir (AMP), Þorvarður Helgason (PH), Oddur Hafsteinsson (OH).

Varamenn mættir: Sigurður Örn Ágústsson (SÖÁ), Stefán Gunnar Ármannsson (SGÁ), Marianna Gunnarsdóttir (MG), Helga Björg Helgadóttir (HBH).

Fjarverandi eru: Sigrún Kristín Þórðardóttir (SKP) og Bryndís Björk Hólmarsdóttir (BBH).

1. Fundargerð 7.fundar lögð fram.

Fram komu óskir um breytingu á síðustu fundargerð er varðar fundargerðir LH. Ákveðið að senda endurbætta fundargerð með breytingum til samþykktar á stjórn LH í tölvupósti.

2. Landsmót ehf.

Björn Ó. Björgvinsson endurskoðandi fór yfir ársreikning LM 2012. Spurðu stjórnarmenn út í reikning og fengu greinargóðar skýringar hjá Birni. HP skýrði frá vinnu við endurskipulagningu á rekstri Landsmóts ehf. til að gera félagið rekstrarhæft á ný. Leggur starfshópur LH til við stjórn LH að LH breyti skuld sinni upp á rúmar fimmtán milljónir í hlutfé. Þá hefur formaður BÍ gefið velyrði fyrir því að stjórn BÍ muni koma með hlutfé í hlutfalli við sinn eignarhlut inn í félagið breyti LH skuld sinni í hlutfé. Þá hafa verið í gangi viðræður við VÍS um að fyrirfram greiða styrk til LH og Landsmótshestamanna ehf. fyrir næstu þrjú mót.

Niðurstaða umræðna: Stjórn LH samþykkir að breyta skuld LH í hlutfégeggn því að BÍ auki sitt hlutfé í LM. Styrkur VÍS til næstu þriggja móta verði nýttur til að styrkja eiginfjárstöðu LM. Fulltrúar LH fari í viðræður við stjórnvöld um aðkomu að þessum aðgerðum. Skoðað verði hvort hægt sé að fá aukið hlutfé inn í félagið eða taka lán þar sem það vantar ca. þrjátíu milljónir inn í rekstur LM svo það geti starfað á fullum krafti.

3. Munkaþverármálið

Gögn um málið lágu fyrir fundinum, úrskurður og bréf.

AMP kynnti málið. Eigandi Munkaþverár neitar að hleyppa reiðleiðinni í gegn þrátt fyrir að hún sé á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Búið er að samþykkja eignarnám á landinu. Eignarnám hefur farið fram.

Niðurstaða: Málið unnið áfram með lögfræðingum og Vegagerð. Fá verður stjórnvöld til að tryggja betur rétt hestamanna á reiðgötum sem eru á samþykktu aðalskipulagi sveitarfélaga og ríkis. Verðum að standa vörð um reiðleiðir sem eru komnar inná aðalskipulag sveitarfélaga. Vegagerðin verði ábyrg fyrir réttarstöðu reiðvega.

4. Knapamerkin – Helga Thoroddsen (HT) gestur fundarins

Hólaskóli tók við Knapamerkjakerfinu 2004 með árssamningi við Átak í hestamennsku. Seinna var gerður samningur við landbúnaðarráðuneytið sem kvað á um að skólinn ætti aðútbúa efni, próf og sinna þjónustu við reiðkennara. Námsefnisgerð lauk 2008. Samningurinn rann út um áramótin 2012-2013. Fram komu óskir um að þýða og innleiða kerfið erlendis m.a. frá FEIF. Unnið hefur verið að þýðingu og ætlunin að fá Leonardo styrk hjá Evrópusambandinu. Ísland, Noregur og Svíþjóð saman. Í ágúst kom í ljós að styrkurinn fengist ekki til verkefnisins.

Búið er að vinna í haginn, þýða fyrstu þrjú stigin á ensku. Kannski á bara að þýða yfir á ensku og hvert land verður svo að sækja styrki og sjá um þýðinguna og vinnuna í sínu landi. Kerfið er verðmætt fyrir okkur, menntakerfi og líka markaðssetning. Sumir líta á þetta bara sem markaðssetningu á íslenska hestinum. Þarf að efla verkefnið innanlands, fá fleiri skóla til samstarfs, styðja við reiðkennara, fleiri námskeið og meiri fræðslu. Knapamerkið heldur svipuðum þáttakendafjölda, fleiri fullorðnir taka þátt. Er komið til að vera, en verðum að halda



utan um kerfið svo það staðni ekki. Verður að halda uppi þjónustu og stuðningi við reiðkennara. HT leggur til að gerður verði nýr samningur við menntamálaráðuneytið, þar sem Hólaskóli hefur mikil not af kerfinu sem námsefni við kennslu á hestafræðibrautinni.

Sótt var um styrk til stjórnar LH fyrr á árinu, kr. 60.000. Sú upphæð ásamt 60 þús frá FHB, fer í gerð farandgripar sem veittur verður í nafni þessara samtaka þeim sem efstur verður á 5.stigi Knapamerkjanna á landsvísu.

Niðurstaða: Menntanefnd LH fjalli um kerfið og hvort það geti verið hluti af menntastefnu LH.

5. Formannafundur 8. nóv – Þema: nýliðun, annað?

Nýliðunarmál brýn, en þurfum við ekki að huga að innri strúktúr? Bæta agaleysi, stjórnleysi, ósamstöðu hópa innan hestamenskunnar og ímyndina út á við. Fá fyrirlesara til að hjálpa okkur að bæta þetta með samstöðu.

Það þarf að skoða um hvað hestamennskan snýst? Snýst hún um hversu margir hestar eru seldir á ári? Eða hversu mikil fjölgun er í hestamenskunni? Hvort er mikilvægara? Mikil ólga er ríkjandi innan hestamenskunnar. Hvað getum við gert til að breyta þessu? Okkur sjálfum? Hvar erum við stödd gagnvart þessum gildum: ímynd – virðing – agi!

Kostnaðarnefnd – fá erindi frá þeim inn í nýliðunarumræðuna.

Niðurstaða: Skrifstofa skoðar og finnur siðareglur ISI, senda á stjórn og markaðs- og kynningarnefnd. Undirbúa verkefni varðandi þetta fyrir formannafund.

6. Uppskeruhátíð 9. nóv – nefnd um knapaval

PH: Upplýsir að búið er að gera samning um hátíðina. Skemmtiatriði og veislustjórar: Davíð og Stefán. Hljómsveit: Helgi Björns

Knapavalsnefnd: þarf að setja hana strax í gang.

Lagt til að brydda upp á nýjung: píanóleikur, dinner tónlist í 30-45 mín eftir borðhald.

Niðurstaða: Knapavalsnefnd sett strax í gang skv. erindisbréfi.

Heiðursverðlaun LH: kandídatar ræddir.

7. Mótaröð LH

Verkefni sem hefur verið fært í tal við nokkra styrktaraðila. Talað hefur verið við Sprettara um afnot af höllinni nýju kringum Hestadaga 2014 (fim og fös mótaröð, lau hópreið, Allra sterk., sun Æskan og hesturinn).

Hugsað þannig að nýta verkefnið Ísland allt árið á vegum Íslandsstofu. Ísmótin kringum landið, mót í reiðhöllum, lið úr hverjum fjórðungi. Afþreyingarpakki í boði á hverjum stað, ferðaþjónustuaðilar komi inn í skipulagningu.

Niðurstaða: vinna málið áfram innan stjórnar og koma nefndum um allt land af stað.

8. Landsþing 2014

Sendu gistiupplýsingar á stjórn svo hægt verði að taka ákvörðun.

9. Leyfisveitingar reiðskóla og hestaleiga

Tölvupóstur, svar frá MAST liggur fyrir fundinum. Þessi starfsemi er ekki leyfis skyld. HP hafði eftir Sigurborgu Daðadóttur dýralækni hjá MAST að verið væri að skoða þessi mál hjá stofnuninni, samhliða endurskoðun dýraverndunarlaganna.

Niðurstaða: PH og HBH taka að sér að skoða málið og hvaða leiðir séu til úrbóta.

10. Áminning

Veitt Jakobi Svavari Sigurðssyni landsliðsmanni. Bréfið tekið fyrir og umræða fór fram. Verður skoðað nánar þegar landsliðsnefnd kynnir HM skýrslu sína fyrir stjórn á næsta stjórnarfundi.



11. Minnisblað vegna HM

Sent inn til LH. Sigbjörn Björnsson, Kristín Njálisdóttir og Sigurður Halldórsson skrifa undir minnisblaðið.

Niðurstaða: Vísað inn í landsliðsnefnd til úrvinnslu.

12. Erindi v/FEIF Youth Cup 2014

Bréf frá æskulýðsnefnd LH lagt fyrir fundinn. Nefndin spyr um styrktaraðila og fleira í kringum svona viðburð. Þarf að vinna kostnaðaráætlun fyrir verkefnið.

Niðurstaða: Gerð verði kostnaðaráætlun og lögð fyrir stjórn. HBH, SGÁ og HP vinni hana.

13. Nordic Gæðingakeppni

- Auglýst á vef LH og fréttatilkynning send á alla fréttamiðla.
- Tekið við skráningum á skrifstofu og þær sendar mótshöldurum.
- Í upphafi voru 6 skráningar en það endaði svo í tveimur.

Niðurstaða: Stjórn þarf að ræða og setja reglur um aðkomu móta sem ekki eru á vegum FEIF eða aðildarlanda þess.

14. Bréf til forsætisráðherra vegna Gnýfara

Andrea spyr hvar það sé statt. HP segir að það sé enn í ráðuneytinu en við séum í röðinni.

15. Skrifstofumál, framkvæmdastjóri

Andrea spyr hvar þau mál séu stödd. HP svarar að það fari óneitanlega svolítið eftir niðurstöðu mála Landsmóts. Þegar hún skýrist verði tekin afstaða til þessara mála.

*Fleira ekki fært til bókar.
Fundarritari: Hilda Karen Garðarsdóttir*